Mér hefur verið falið að kanna hug ykkar til ákveðinna hugmynda um framtíðarskipulag hverfisráða Reykjavíkurborgar og kalla um leið eftir hugmyndum frá ykkur. Þetta var samþykkt á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 15. júní sl. en ráðið hefur m.a. það hlutverk að gera tillögur til borgarráðs um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu.

Mig langar því að biðja ykkur um að gefa ykkur tíma til þess að setja saman **álit ykkar á nokkrum hugmyndum** sem upp hafa komið, þær tengjast að vissu leyti væntanlegri lögbundinni fjölgun borgarfulltrúa úr 15 í a.m.k. 23.

Að auki bið ég ykkur um að senda til mín þær **hugmyndir sem þið hafið** um æskilegt framtíðarhlutverk og skipan hverfisráða, ef eitthvert.

Hugmyndirnar sem óskað er álits á eru eftirfarandi:

1. *Hverfisráðum verði fækkað í sex, eitt fyrir hverja þjónustumiðstöð.*

2. *Fulltrúar verði skipaðir í hverfisráð með þeim hætti að tveir verði kosnir af borgarstjórn en þrír beinni kosningu af íbúum viðkomandi hverfis.*

3. *Hverfisráð kjósi sér sjálf formenn úr hópi þeirra fulltrúa sem í þeim eru.*

Menn segja að sumarið sé tíminn þannig að tímafrestur er nokkuð rúmur og gert ráð fyrir að svör berist fyrir **15. september** næstkomandi.

Ef þið óskið frekar eftir því að fá þetta erindi bréfleiðis látið mig þá vita. Meðfylgjandi er sjálf tillagan sem var samþykkt ásamt greinargerð sem henni fylgdi.

Ásta Guðrún Beck

---

Erindreki gagnsæis og samráðs / Agent of transparency and democracy

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara / Office of the Mayor and Chief Executive Officer

Ráðhús Reykjavíkur / Reykjavik City Hall

Símanúmer / Tel.: +354 411 4516

Netfang / e-mail: mailto:asta.gudrun.beck@reykjavik.is

http://www.reykjavik.is

Lýsing: BokmBorgLogo2

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur. - image001.jpg

(8)

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar
c/o Ásta Guðrún Beck

Reykjavík 7. september 2015

**Efni: Svar við fyrirspurn dags. 11. júní um Hverfisráð í Reykjavík**

Í erindinu er leitað eftir áliti og umsögn okkar, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva í Reykjavík, um þrjár hugmyndir að breytingum á Hverfisráðum, en einnig er falast almennt eftir hugmyndum um hvert hlutverk Hverfisráðanna ætti að vera innan stjórnsýslunnar, ef eitthvað.

Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva hafa jafnframt verið framkvæmdastjórar Hverfisráðanna frá stofnun þjónustumiðstöðva, 1. júní 2005 eða í rúm 10 ár, skv. 5. gr. **Samþykktar fyrir Hverfisráð Reykjavíkurborgar.** Á þeim tíma hefur samþykktunum nokkrum sinnum verið breytt, en þó hefur hlutverkakaflanum ekki verið breytt. Verksvið Hverfisráða er skilgreint í 2. og 3. gr. samþykktanna og vinnulag í 5., 6., 7. og 8. gr. og að hluta til í 4. gr. þeirra. Sé hlutverk Hverfisráða dregið saman má segja að það sé tvíþætt:

- Annars vegar að vera samstarfs-, samráðs- og kynningarvettvangur innan hverfa, fyrir íbúa, félagasamtök og atvinnulíf og
- hins vegar stefnumótun fyrir það sem undir verksvið þeirra heyrir, með tillögum til borgarráðs, vinnu að samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum, með því að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna, vera ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfunum og með því að stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum.

Á þeim 10 árum sem við höfum verið framkvæmdastjórar Hverfisráðanna hafa þau sinnt fyrri þættinum að hluta til, en seinni þættinum nánast að engu leyti. Þau hafa verið samráðs- og samstarfsvettvangur innan hverfa og að einhverju leyti kynningarvettvangur í gegnum opna íbúafundi og tengsl við íbúasamtök og hverfisblöð, en lítið tengt sig við félagasamtök og atvinnulíf. Þetta samráð og samstarf hefur leitt til þess að Hverfisráðin hafa annars vegar reynt að gerast talsmenn og fylgismenn aukinna lífsgæða og framþróunar í sínum hverfum og hins vegar tekið að sér að gagnrýna það sem miður fer og fylgja því eftir, annars vegar til embættismanna og hins vegar til kjörinna fulltrúa.

Hverfisráð hafa hins vegar lítið sem ekkert sinnt stefnumótunarþættinum. **Verksvið** þeirra er afar óljóst, þrátt fyrir tvær greinar í Samþykktunum, svo þeim er gert afar erfitt fyrir með að gera tillögur til borgarráðs varðandi það er undir **verksvið** þeirra heyrir. Þjónusta borgarstofnana í hverfum heyrir undir mörg ólík fagsvið borgarinnar, sem hvert um sig ákvarðar hvernig staðið skuli að þjónustuveitingu, án nokkurs samráðs við Hverfisráðin. Með flutningi þjónustumiðstöðva undir velferðarsvið árið 2007 og niðurlagningu þjónustu- og rekstrarsviðs á sama tíma, lagðist af fyrri áhersla borgaryfirvalda á eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar. Hverfisráðin hafa þó stutt við veikburða starf þjónustumiðstöðvanna við að efla félagsauð í hverfum, annars vegar með nærveru og þátttöku og hins vegar með fjárhagslegum stuðningi við viðburði í hverfum.

Í **Samþykktum um Hverfisráð Reykjavíkurborgar** kemur fram að Hverfisráð starfi í umboði borgarráðs, en umboð þetta virðist afar veikt, einkum ef borið er saman við það umboð sem fagráðin hafa og fagráðin virðast ekki fá það aðhald frá borgarráði að þau skuli bera virðingu fyrir hlutverki

Hverfisráðanna og hafa þau með í ráðum og bera undir þau mál er varðar þjónustu í hverfum, sem nauðsynlegt er til þess að Hverfisráðin geti sinnt stefnumótunarhlutverki sínu. Þrátt fyrir þetta virðist ljóst að sú áhersla á almennt lýðræði og íbúalýðræði við ákvörðunartöku og stefnumótun um starfsemi og þjónustu borgarinnar, sem mörkuð var með stjórnkerfisbreytingunum árið 2005, lifir enn hjá stjórnendum borgarinnar. En forsendur brustu með stjórnkerfisbreytingum árið 2007. Frá þeim tíma hefur ekki tekist að finna nýjar eða breyttar forsendur fyrir þessu lýðræði eða grunn fyrir Hverfisráðin til þess að byggja á.

Að þessu sögðu er það okkar niðurstaða að halda skuli í Hverfisráðin, en finna þeim nýjan grundvöll og forsendur til þess að starfa eftir og styrkja það umboð sem þau hafa til þess að hafa áhrif með ákvörðunum, stefnumótun og tillöguflutningi. Jafnframt þarf að styrkja tengsl þeirra við íbúa hverfanna, atvinnulíf og þjónustustofnanir borgarinnar innan hverfa. Pólitískt umboð þeirra þarf að vera jafnmikið og jafnsterkt pólitísku umboði fagráðanna, en þau þurfa jafnframt að vera þannig samsett að íbúar hafi sterkt vægi innan þeirra. Hlutverk þeirra þarf að vera annað en fagráða um leið og þeim er gert jafnhátt undir höfði og fagráðum. Eins og þetta er sett upp í **Samþykktum fyrir Hverfisráð Reykjavíkurborgar** virðist ekki skilið á milli hlutverka fagráða og Hverfisráða. Bæði Hverfisráð og fagráð skulu vera stefnumótandi um þjónustu. Nú þarf að skilja þarna á milli.

Okkar tillaga er að Hverfisráðin verði pólitískur ábyrgðaraðili fyrir **veitingu** allrar þjónustu innan hverfanna, en fagráðin verði pólitískur ábyrgðaraðili fyrir allri **stefnumörkun og eftirliti** með veitingu þjónustu yfir borgina í heild. Þannig hafi fagráðin einungis það hlutverk að marka pólitíska stefnu og fylgjast með því að henni sé framfylgt á meðan hverfisráðin útfæri stefnuna í samráði við íbúa og þjónustuveitendur í hverfinu á grundvelli sérstöðu hverfisins, lýðfræði og lýðræðis. Hlutverk embættismanna er að framfylgja og framkvæma ákvarðanir Hverfisráða innan hverfis með utanumhaldi frá þjónustumiðstöð hverfisins.

**Fjöldi Hverfisráða:**
Að framanrituðu gefnu lítum við svo á að fjöldi Hverfisráða og þar með hverfa eigi að vera jafn fjölda þjónustumiðstöðva í borginni.

**Skipun fulltrúa í Hverfisráði:**
Við lítum svo á að áherslan eigi að vera á íbúalýðræði og lifandi þátttöku íbúa í stjórnun, uppbyggingu og þjónustu í hverju hverfi og stöðugri áherslu á og eflingu félagsauðs innan hverfis. Samsetning Hverfisráða og aðferðin við að skipa í þau þarf því að taka mið af því annars vegar að þau hafi það pólitíska umboð sem að framan getur og hins vegar af því að möguleikar íbúa til áhrifa séu sem mestir og bestir.

Til þessa að þetta náist þurfa Hverfisráðin að vera skipuð kjörnum aðal- og varafulltrúum flokka í borgarstjórn.

**Skipun formanns Hverfisráða:**
Til þess að Hverfisráðin geti borið pólitíska ábyrgð á veitingu allrar þjónustu innan hverfa og borið ábyrgð á því að þjónustan sé í samræmi við pólitíska stefnumörkun fagráða þarf meirihluti þeirra og þar með formaður að hafa pólitískt traust og umboð frá meiri hluta borgarstjórnar hverju sinni.

**Til íhugunar:**
Allt framansagt ber með sér þá forsendu að fjárhagsáætlanir séu gerðar fyrir hvert hverfi, sem þá ber jafnframt ábyrgð á gerð þeirra, framfylgd og uppgjöri.

Samrekstur á húsnæði, starfsfólki, tækjum og tólum innan hverfa leiðir einnig til hagræðingar í rekstri, skilvirkari vinnubragða og auðskiljanlegri, auðveldari og aðgengilegri þjónustu við íbúa hverfisins.

Fjöldi þjónustuhverfa þarf að taka mið af mörgum þáttum. Hafa þarf í huga fjárhagslegt hagræði, en um leið að möguleiki íbúa til áhrifa og þátttöku sé eins mikill og kostur er. Hafa þarf í huga land- og lýðfræði og möguleika íbúa til þess að finna fyrir samstöðu og upplifun þeirra af því að þeir tilheyri sama hverfi. Núverandi þjónustuhverfi eru mjög misstór og land- og lýðfræðilega eiga þau einnig misvel saman. Fjöldi íbúa í þjónustuhverfinu Laugardalur/Háaleiti/Bústaðir er rúmlega 30 þúsund á meðan hin þjónustuhverfin eru með um eða undir 20 þúsund íbúum. Ýmsar rannsóknir eru til um heppilega stærð þjónustuhverfa og hafa aðrar borgir bæði verið að stækka þau og minnka allt eftir reynslu undanfarinna ára og breytingum í stefnumótun. Reykjavík er landfræðilega á nokkuð stóru svæði og langt á milli ystu marka borgarinnar frá vestri til austurs (og norðurs). Okkur hefur lengi fundist að skipta þurfi upp hverfinu Laugardalur/Háaleiti og einnig höfum við rætt að hugsanlega gæti verið rétt að breyta hverfaskiptingunni vestan Elliðaáa. Okkur finnst rétt að miða áfram við 6 þjónustuhverfi, 6 þjónustumiðstöðvar og 6 Hverfisráð, en endurskoða mætti hverfaskiptinguna t.d. þannig:

- Vesturbær og Miðborg með um 24.500 íbúa
- Hlíðar, Tún og Laugardalur með um 20.000 íbúa (verður alltaf erfitt að byggja upp hverfisvitund í þessum borgarhluta nema hjá litlum hverfum vegna þess að miklar umferðaræðar skera þennan borgarhluta þvers og kruss)
- Háaleiti, Bústaðir og Heimar með um 20.000 íbúa (landfræðilega tiltölulega stórt hverfi)
- Breiðholt með um 21.000 íbúa (landfræðilega vel afmarkað hverfi)
- Árbær og Grafarholt með um 17.000 íbúa (útlit er fyrir mesta fjölgun á næstunni í þessum hverfum) (Landfræðilega nokkuð vel afmörkuð, en tvö hverfi)
- Grafarvogur og Kjalarnes með um 19.000 íbúa (Landfræðilega afmörkuð, en 2 hverfi)

Reykjavík, 7. september 2015,

Framkvæmdastjórar Þjónustumiðstöðva í Reykjavík:
Ingibjörg Sigurþórsdóttir (sign)
Óskar Dýrmundur Ólafsson (sign)
Sigtryggur Jónsson (sign)
Sigþrúður Erla Arnardóttir (sign)
Sólveig Ingibjörg Reynisdóttir (sign)

(9) (10)

**Hverfisráð Grafarvogs og Hverfisráð Kjalarness**
Bréf: t-póstur
Málsnúmer: R15060135
Bréfalyklar: 100 Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar
Eigandi skjals: Ásta Guðrún Beck
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 12.11.2015
Dagsetning skjals: 22.09.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Margrét Richter" <margret.richter@reykjavik.is>

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skjalalykill | 100 Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar | Málsnúmer | R15060135 |
| Móttökudags. | 22.09.2015 | Skráð í GoPro | 12.11.2015 |

| | | |
|---|---|---|
| Tegund skjals | t-póstur | Fyrir Borgarráð |
| Efnisorð | | |

Sent: Sent til:

Notandi: "Margrét Richter" <margret.richter@reykjavik.is>
Dagsetning: 22.9.2015 16:41:15
Til: "Ásta Guðrún Beck" <Asta.Gudrun.Beck@reykjavik.is>
Efni: Hverfisráð Grafarvogs og Hverfisráð Kjalarness

---

SÆl vertu

Fundur var haldinn í hverfisráði Kjalarnesi fimmtudaginn 17. September og var eftirfarandi bókun gerð:

2. Drög kynnt lauslega um breytingar á hverfisráðum.

Hverfisráð Kjalarnes leggur fram eftirfarnandi bókun:
„Hverfisráð Kjalarness telur að sérstaða, varðandi íbúafjölda og fjarðlægðar frá öðrum hverfum borgarinnar, sé þess valdandi að óásættanlegt væri ef ekki væri sérstakt hverfisráð á Kjalarnesi. Sérstaða Kjalarness felst einkum í að vera blönduð byggð, bæði þéttbýli í Grundarhverfi og dreifbýlt grænt svæði sem sameinaðist Reykjavíkurborg árið 1998. Hagsmunaárekstrar geta verið af öðrum toga en í öðrum borgarhverfum og má þar til dæmis nefna almenningssamgöngur. Kjalarnes er fámennt hverfi sem myndi hverfa í fjöldann ef ekki yrði gerðar sérstakar samþykktir um aðkomu kjalnesinga meðal annars í gegnum hverfisráð Kjalarness.“

Fulltrúi sjálfstæðisflokksins lagði eftirfarandi bókun fyrir hönd síns fulltrúa sjálfstæðismanna í hverfisráð:
„Fulltrúar sjálfsstæðisflokks í hverfisráð setur sig alfarið á móti fækkun Hverfisráða. Við höfum ekki trú á að Kjalnesingar fái kjörin fulltrúa í hverfisráð með fækkun ráða. Bein kosning þriggja fulltrúa og framkvæmd hennar er ekki útskýrð í þessum tillögum né hvernig verður jafnræði kynja og stefnumála háttað? Eins og tillagan lítur út á blaði getum við ekki fallist á hana. Miðað við fjöldi atkvæða í hvoru hverfinu fyrir sig, sjáum við ekki hvernig fulltrúi Kjalnesinga fái kosningu. Að Hverfisráð kjósi sér sjálf formenn úr hópi þeirra fulltrúa

sem í þeim eru hafa þau ekkert við þá tillögu að athuga.“

Fundur í Hverfisráði Grafarvogs var haldinn þriðjudaginn 15. September og undir þessum lið var eftirfarandi skráð í fundargerð:

3. Hugmyndir um breytingar á hverfisráðum. Ákveðið var að fresta umræðu þar til á næsta fund og óskað þá eftir nánari kynningu.

*Bestu kveðjur,*


*Margrét Richter*
*Sérfræðingur fjármála og rekstrar*
*Miðgarður – Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness*
*Gylfaflöt 5*
*112 Reykjavík*
*Sími 411-1400*


---


Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

(11)

Reykjavík, 19. október 2015

Stjórnkerfis- og Lýðræðisráði

***Umsögn frá Hverfisráði Hlíða um eflingu Hverfisráða og þjónustu í hverfum.***

Á fundi Hverfisráðs Hlíða þann 15. október 2015 var erindi um eflingu Hverfisráða og þjónustu í hverfum.

**Hverfisráðið vill koma eftirfarandi umsögn til skila.**

*Óskað var eftir áliti á eftirfarandi hugmyndum:*

*1 Hverfisráðum verði fækkað í sex, eitt fyrir hverja þjónustumiðstöð.*
*2 Fulltrúar verði skipaðir í hverfisráð með þeim hætti að tveir verði kosnir af borgarstjórn en þrír beinni kosningu af íbúum viðkomandi hverfis.*
*3 Hverfisráð kjósi sér sjálf formenn úr hópi þeirra fulltrúa sem í þeim eru.*

***Punktar, almennt:***

- *Efla þarf Hverfisráð almennt og gefa þeim meira vægi í stjórnkerfinu.*
- *Bæta þarf tengingu þjónustumiðstöðvar og hverfisráða við svið borgarinnar.*
- *Efla þarf íbúalýðræði í hverfum og halda áfram að bæta samtal stjórnvalda við íbúa.*
- *Skýra þarf verkferla og þær leiðir sem íbúar hafa til þess að nálgast upplýsingar, óska eftir svörum, senda inn ábendingar. Mögulegt þarf að vera fyrir fólk að fylgja eftir spurningum sínum og ábendingum með einhverjum hætti.*
- *Erfitt er að taka afstöðu til hugmynda sem lagðar eru fyrir án þess að breytt hlutverk og form Hverfisráða liggi fyrir.*

***Punktar, hugmynd 1.***

- *Skoða þarf vel hvaða hverfisráðum er steypt saman og getur hverfisráð tekið afstöðu til spurningar 1 þegar það liggur fyrir. Gott væri að gera könnun á því meðal íbúa í hverfinu hvort að þeir tengi sig frekar við Miðborg, Háaleiti eða Laugardal.*
- *Hversu stóra einingu þyrfti Hverfisráð að hafa yfirsýn yfir?*
- *Ef fulltrúar í ráði yrðu jafnmargir og nú þyrfti að gera ráð fyrir meiri tíma sem ráðsfólk nýtti í starf sitt í Hverfisráði. (Stærra svæði, meiri vinna)*

***Punktar, hugmynd 2.***

*Erfitt er að taka afstöðu til þess liðs án þess að vita hvert framtíðar hlutverk Hverfisráðs er. Almennt erum við hrifin af auknu íbúalýðræði en sjáum ákveðna vankanta á beinni kosningu af íbúum hverfisins.*

*Hætta gæti verið á að hagsmunasamtök tækju sig saman og kæmu manneskju í ráðið með sértæka hagsmuni í huga. Þetta gætu verið stjórnmálaflokkar, íþróttafélög, fjársterk fyrirtæki osfrv. Frambjóðendur þyrftu að gera grein fyrir tengslum sínum og hagsmunum ef af yrði.*

***Punktar, hugmynd 3.***

- *Skoða þyrfti vel hvernig hægt væri að vinna að málum ef formaður væri andsnúinn stefnu meirihluta í borginni.*

Fh. Hverfisráð Hlíða
Sigríður A Jóhannsdóttir,
Verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar miðbogar og hlíðar

Reykjavíkurborg

Þjónustumiðstöð
Laugardals & Háaleitis

Málsnr.: R15060135
Skjalasafn Ráðhúss
22. okt. 2015
Bréfalykill: 100

Reykjavík, 20. okt. 2015

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð
b.t. Ástu Guðrúar Beck
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Eftirfarandi umsögn var samþykkt í Hverfisráði Laugardals á 133. fundi ráðsins sem haldinn var 19. okt. 2015.

Umsögn hverfisráðs um **eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu samþykkt.**

*„Afar brýnt er að skilgreina hlutverk og tilgang hverfisráða betur og tryggja þeim aukið fjármagn og regluverk til að þau geti sinnt því. Mikilvægt er að hverfisráðin sinni því hlutverki sem þeim er ætlað en það gera þau ekki nú. Það er: Að vinna að stefnumótun fyrir það sem undir verksvið þeirra heyrir, með tillögum til borgarráðs, vinnu að samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum, með því að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfa, vera ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og með því að stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum.*
*Við teljum að auka eigi vægi ráðanna í stjórnsýslu borgarinnar og tengja þau með formlegri hætti við hana. Þannig þarf að formfesta aðkomu hverfisráða að tilteknum nærsamfélagsmálum mun betur þannig að aðkoma þeirra sé ekki valkostur eða geðþóttaákvörðun viðkomandi fagsviða. Nú starfa hverfisráð í umboði borgarráðs í nánu samráði við þjónustumiðstöðvar sem heyra undir velferðarsvið. Þessu skipulagi mætti breyta og til þess að tryggja aukna aðkomu hverfisráða og vægi þvert á öll fagsvið þá myndi það í því tilviki ekki ganga að þjónustumiðstöðvar heyri áfram undir velferðarsvið. Annar möguleiki væri sá að hverfisráðin myndu ekki starfa í þessu nána samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar og að fjöldi þeirra væri óháður fjölda miðstöðvanna. Það er okkar skoðun að skipun hverfisráða eigi að endurspegla vilja ráðandi meirihluta á hverjum tíma. Þannig myndi meirihluti hverfisráðs starfa áfram í umboði borgarráðs, þ.e.a.s. þrír fulltrúar, en annar hinna tveggja fulltrúanna gæti til dæmis komið frá íbúasamtökum og hinn frá viðkomandi þjónustumiðstöð. Við höfnum ekki þeirri hugmynd að að kjósa einn eða jafnvel tvo fulltrúa með beinni kosningu íbúa í viðkomandi hverfi. Einnig má hugsa sér að fjölga fulltrúum í hverfisráðum úr 5 í 7 en þannig að borgarráð skipi alltaf meirihluta fulltrúa. Við teljum að ekki eigi að skilyrða að hverfisráðin skuli vera skipuð borgarfulltrúum. Einnig, að borgarráð geti áfram skipað þá fulltrúa sem að það kýs og að mikilvægt sé að þau séu skipuð fólki sem hafi*

*búsetu eða sterka tengingu við viðkomandi hverfi. Við teljum umræðuna um það hversu mörg hverfisráðin eigi að vera ekki tímabæra. Fyrst verður að skilgreina tilgang þeirra og hlutverk áður en slík umræða á sér stað. Að lokum óskum við eftir því að samræðan verði opnuð enn frekar og óskað eftir hugmyndum og ábendingum um framtíðarskipulag hverfisráða inni á [www.betrireykjavik.is](http://www.betrireykjavik.is)"*

*Fulltrúi Sjálfstæðisflokks, Björn Jón Bragason sat hjá.*

Þessu er hér með komið á framfæri

f.h. hverfisráðs Laugardals
Helga Margrét Guðmundsdóttir ritari fundarin

Helga M. Guðmundsd.

(13)

Sent 21.10'15

**Umsögn Hverfisráðs Árbæjar um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu.**

Samkvæmt samþykkt um hverfisráð er hlutverk þeirra einkum tvíþætt.

- Þau eiga að vinna að stefnumótun fyrir það sem undir verksvið þeirra heyrir með tillögum til borgarráðs. Vinna að samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum með því að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfa. Vera ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs.

- Þau eiga að mynda samráðs- og samstarfsvettvang innan hverfa fyrir íbúa, félagasamtök og atvinnulíf.

- Auk þessa gegna hverfisráð oft því hlutverki að tengja miðlæga stjórnsýslu borgarinnar út í einstök hverfi og stuðla þannig að því að miðlægar ákvarðanir í stjórnsýslu borgarinnar séu teknar á forsendum upplýsinga úr nærumhverfi þeirra sem ákvarðanirnar varða.

Hlutverk hverfisráða samkvæmt samþykktinni er nokkuð skýrt en leiðirnar að markinu eru það hins vegar ekki. Af þeim sökum sinna ráðin hlutverki sínu einungis að takmörkuðu leyti.

Til þess að geta rækt skyldur sínar þurfa hverfisráðin að vera hluti af skipuriti og regluverki borgarinnar og hafa á að skipa fjármagni til verkefnisins. Með skýrari staðsetningu í skipuriti eykst formfesta í samskiptum fagráða (-sviða) og hverfisráða. Markmiðið ætti að vera að skilgreina ferla og festa í sessi aðkomu hverfisráðanna að málum sem varða nærsamfélag þeirra þannig að sú aðkoma verði eðlilegur þáttur í stjórnkerfinu. Nú er aðkoma hverfisráða hins vegar háð geðþóttaákvörðunum sem teknar eru innan einstakra fagsviða.

Eins og málum er nú háttað starfa hverfisráðin undir hatti þjónustumiðstöðva sem aftur tilheyra einu fagsviði borgarinnar – Velferðarsviði.
Breyting á þessu fyrirkomulagi er forsenda þess að hverfisráð geti starfað á þeim breiða grundvelli sem þeim er ætlað.
Tvær leiðir að því marki eru augljósar. Önnur leiðin er sú að þjónustumiðstöðvarnar fái annan sess í stjórnkerfinu, breiðari verkefnagrunn og tilheyri ekki fagsviði sem fari með einn málaflokk uframm aðra. Hin leiðin er óbreytt fyrirkomulag þjónustumiðstöðvanna en aftenging þeirra við hverfisráðin. Kosturinn við fyrri leiðina, að því gefnu að ætlunin sé að efla hverfisráðin, er að þjónustumiðstöðvarnar eru þegar til staðar og mynda bakland og aðstöðu fyrir hverfisráðin sem þegar hefur verið fjárfest í.

Að okkar mati á hlutverk hverfisráða fyrst og fremst að felast í því að vinna að hagsmunamálum viðkomandi hverfis á öllum sviðum. Í þessu felst að í einstökum málum getur stefna hverfisráðs gengið gegn stefnu sitjandi meirihluta í borginni. Sé hverfisráð eingöngu kosið beint af íbúum hverfis getur meirihluti myndast sem berst í grundvallaratriðum fyrir annarri stefnu en meirihlutinn í borginni sem aftur getur einangrað hverfisráðið pólitískt og komið niður á hagsmunum hverfisbúa. Á hinn bóginn er hverfisráð sem skipað er kjörnum borgarfulltrúum eingöngu líklegra til þess að fylgja heildarsýn meirihlutans sem einnig gæti bitnað á hagsmunum íbúa einstakra hverfa í einstökum málum. Báðar leiðirnar eru hins vegar lýðræðislegar hvor á sinn hátt.

Ákveðin hætta er á að stjórnleysi skapist starfi mörg hverfisráð í borginni með veruleg völd sem taka ekki mið af hlutfalli meiri- og minnihluta í borgarstjórn. Við teljum slíka leið því illfæra. Við teljum blandaða leið æskilega þar sem tekið er tillit til hverfalýðræðis með því að tryggja aðkomu íbúa að hverfisráði en þó með þeim hætti að hverfisráð endurspegli vilja kjörins meirihluta í borginni á hverjum tíma og starfi í umboði borgarráðs.

Við teljum mikilvægt að fulltrúar í hverfisráðum séu að uppistöðu íbúar í viðkomandi hverfum en leggjumst ekki gegn því að einn eða jafnvel fleiri fulltrúar í hverfisráði séu kosnir beinni kosningu af íbúum hverfisins eða valdir með öðrum málefnalegum hætti utan við flokkapólitík. Til þess að tryggja nauðsynlega tengingu við æðstu stjórn borgarinnar teljum við hins vegar nauðsynlegt að borgarráð skipi meirihluta ráðsins og þar af sé a.m.k. einn fulltrúa í ráðinu úr hópi kjörinna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa. Þá teljum við því ekkert því til fyrirstöðu að ráðið kjósi sér formann úr sínum röðum.

Að öðru leyti má hugsa sér aðra uppstillingu í ráðunum en nú er t.d. frekari aðkomu íbúsamtaka. Í því tilfelli þyrfti þó að líta sérstaklega til stöðu slíkra samtaka almennt þar sem þau eru stundum ekki til staðar eða eru fleiri en ein innan hverfis.

Hvað varðar fjölda hverfisráða, ættu hverfisráð að okkar mati fyrst og síðast að endurspegla hverfisheildir/borgarhluta og fjöldi þeirra að taka mið af þeim en ekki fjölda þjónustumiðstöðva. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að hver þjónustumiðstöð hýsi fleiri en eitt hverfisráð hafi miðstöðvunum á annað borð verið tryggður nauðsynlegur sess innan borgarkerfisins eins og áður sagði.

Umsögn um mögulega breytingu á skipun í hverfisráð og hlutverk þess.

Þar sem undirritaður er nýr inn í hverfisráði Breiðholts tel ég mig ekki hafa nægilega mikla þekkingu á því hvernig best væri að skipa í ráðið. Hins vegar er mikilvægast að ráðsfulltrúar starfi ávallt með hag hverfis og íbúa þess að leiðarljósi, hvernig sem skipað verður í það í framtíðinni.

Hlutverk hverfisráða virðist vera heldur óskilgreint, eins fram kemur á heimasíðu Reykjavíkurborgar: „Hverfisráð eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og eiga að stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum."

Með þessum orðum er hlutverkið nokkuð óskýrt. Þessi skilgreining gefur ekki til kynna á neinn hátt hvernig þessum markmiðum skuli náð fram. Fyrst og fremst þarf að skilgreina hversu mikla vinnu og tíma fulltrúar ráðanna eiga að leggja að mörkum í vinnu sinni. Næst þarf að vera skýrari rammi utan um það hvernig þessum markmiðum skal ná. Ef við ætlum að vera samráðsvettvangur félagslegra stofnanna í hverfinu og íbúa, er langt í frá nóg að funda einu sinni í mánuði.

Hverfisráðin gætu sett sér aðgerðaráætlun sem miðar af því að kynna sig betur fyrir þeim samtökum, félögum og íbúum í hverfinu svo hægt væri að leita til hverfisráðsins þegar fyrrgreindir aðilar viti hvert á að leita í ákveðnum aðstæðum. Ég hef grunsemdir um að allt of fáir viti að í hverfum séu starfandi hverfisráð. Þetta myndi aðeins ganga upp ef búið væri að skilgreina hlutverk, vald og tilgang ráðsins betur.

Efling félagsauðs hverfisins ætti að vera okkar helsta takmark og eru margvíslegar leiðir mögulegar til þess að auka hann. Í félagsfræðirannsóknum hefur það komið oft í ljós að félagsauður hefur áhrif á líðan og hegðun ungra einstalinga á mótunarárum. Hverfisráð Breiðholts ætti að vera leiðandi í því að koma af stað vitundarvakningu um mikilvægi þeirra þátta sem stuðla að auknum félagsauði í hverfinu. Það væri besta leiðin til þess að byrja frá grunni og vinna jafnframt gott starf í samstarfi við félagasamtök, skólanna, íþróttafélög, stofnanir og fyrirtæki hverfisins. Það er hægt að nota þetta afl til þess að áorka miklu, það skortir bara ramma utan um okkur.

Egill Þór Jónsson
Fulltrúi í Hverfisráði Breiðholts
22.10.15

24.10.2015

Varðandi tillögur um breytingar á hverfisráði:

Mér finnst mikilvægasti hlutinn vera sá að skilgreina hlutverk og tilgang hverfisráða. Mér finnst afar mikilvægt að tryggja þeim aukið fjármagn til þess að veita styrki innan hverfisins til félagssamtaka og íbúa auk þess sem þörf er á skýrara regluverki um slíkar styrkveitingar. Einnig tel ég þörf á auknu fjármagni til ráðsins vegna starfsemi þess en eins og fyrirkomulagið er núna fer úthlutað fjármagn að nánast eingöngu í laun og kostnaði við fundarhald, en mér finnst að hverfisráð ætti að hafa fjármagn til þess að sinna nefndarstörfum og einnig að veita viðurkenningar til íbúa, fyritækja og samtaka innan hverfisins eins og önnur ráð innan borgakerfis gera.

Mikilvægt er að hverfisráðin sinni því hlutverki sem þeim er ætlað en það gera þau ekki nú. Samkvæmt núgildandi samþykkt fyrir hverfisráðin frá 2009 er hlutverkið: *Að vinna að stefnumótun fyrir það sem undir verksvið þeirra heyrir, með tillögum til borgarráðs, vinna að samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum, með því að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfa, vera ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og með því að stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum.* Eins og hverfisráð starfa núna höfum við það hlutverk að senda frá okkur umsögn um stefnur hjá öðrum ráðum innan borgarins og hvernig eigi að innleiða þær stefnur.

Ég tel að til þess að geta sinnt því hlutverki þyrfti fyrst að auka vægi hverfisráðanna í stjórnsýslu borgarinnar og tengja þau með formlegri hætti við hana. Í dag finnum við ekki fyrir tengslum við fagsvið og ráð innan borgakerfisins. Það þarf að formfesta aðkomu hverfisráða að tilteknum nærsamfélagsmálum svo að aðkoma þeirra sé ekki valkostur eða sýndarmennska viðkomandi fagsviðs. (Til dæmis má hér nefna verkefnið Betri hverfi þar sem mörgum hugmyndum og spurningum frá fulltrúum hverfisráðs er ýtt til hliðar af fagteyminu)

Nú starfa hverfisráð í umboði borgarráðs og eiga að starfa í nánu samráði við þjónustumiðstöðvar. Þjónustumiðstöðvar heyra undir velferðarsvið og starfa samkvæmt stefnu hennar. Ég tel að æskilegt væri að breyta þessu skipulagi og auka vægi hverfisráða með því að færa fulltrúa frá öllum fagsviðum út í hverfin í nánara samstarf við hverfisstjóra og formann hverfisráðs. (Ég er mjög hrifin af þróun í Breiðholti þar sem hverfisstjóri stýrir þjónustumiðstöð en þó þyrfti einnig að breyta og bæta það embætti). Með því að innleiða slíkt hægt væri að auka aðkomu hverfisráða og vægi þvert á öll fagsvið og ákvörðunartaka mun tengjast betur þörfum hverfisins. Í þessu tilfelli þá myndu hverfisráð starfa í nánu samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar og fjöldi hverfisráða verða jafn fjölda þjónustumiðstöðva.

Það er mín skoðun að skipun hverfisráða eigi að endurspegla vilja ráðandi meirihluta á hverjum tíma. Ég tel enn fremur að æskilegt væri að flokkar tilgreini í hvaða ráð frambjóðendur á listanum muni skipa og í hvaða hverfi. Það myndi auka gagnsæi fyrir íbúa og tryggja að meirihluti hverfisráðs starfi í umboði borgarráðs. Ég er einnig hrifin af þeirri hugmynd að fjölga fulltrúum í hverfisráðum úr 5 í 7. Þannig gæti annar hinna nýju fulltrúa komið frá íbúasamtökum og hinn gæti hugsanlega verið kosinn af íbúum í viðkomandi hverfi.

24.10.2015

Ég tel að ef tengsl verða aukin við borgarráð og fagsvið sé óþarfi að skipa borgafulltrúa inn í hverfisráð, frekar þyrfti að setja það skilyrði að hverfisráð verði eingöngu skipað fólki sem hafi búsetu í og sterka tengingu við viðkomandi hverfi.
Eins og ég skrifaði í upphafi umsagnar er mikilvægast að skilgreina tilgang hverfisráðs og hlutverk þeirra.

Virðingarfyllst,

Nichole Leigh Mosty, Formaður hverfisráðs Breiðholts

(16)

**Re: Umsögn um hverfaráð**
Bréf: t-póstur
Málsnúmer: R15060135
Bréfalyklar: 100 Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar
Eigandi skjals: Ásta Guðrún Beck
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 12.11.2015
Dagsetning skjals: 05.11.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: post@hive.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skjalalykill | 100 Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar | Málsnúmer | R15060135 |
| Móttökudags. | 05.11.2015 | Skráð í GoPro | 12.11.2015 |

| | | |
|---|---|---|
| Tegund skjals | t-póstur | Fyrir Borgarráð |
| Efnisorð | | |

Sent: Sent til:

Notandi: post@hive.is
Dagsetning: 5.11.2015 11:22:04
Til: "Ásta Guðrún Beck" <Asta.Gudrun.Beck@reykjavik.is>
Efni: Re: Umsögn um hverfaráð

---

On 2015-11-05 11:05, post@hive.is wrote:

Frá Sigþóri Ágústssini í hverfaráði Breiðholts. Ég tel að hverfaráðin eigi að vera samskiptarráð mill hverfana og borgarkerfisins. Kjörin með líkur hætti og gert hefur verið. Vél komi til greing að frjáls íbúasamtök eigi fulltrúa í hverfaráðum. Blell Sigþór.